

## AUGLÝSING

11  
14. febr.

um breyting á auglýsingu nr. 220 30. des. 1958, um breyting á gjaldskrá  
Sundhallar Reykjavíkur nr. 52 31. marz 1948.

Í 2. tölulið I. kafla komi: kr. 1.50, í stað „kr. 2.00“.

Í 4. tölulið I. kafla komi: kr. 15.00, í stað „kr. 20.00“.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1959.*

F. h. r.

**Gunnlaugur Þórðarson.**

*Helgi Helgason.*

## REGLUGERÐ

12  
16. febr.

fyrir vatnsveitu Blönduóshrepps.

### 1. gr.

Hreppsnefnd Blönduóshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar á Blönduósi.

### 2. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn, sem kosnir eru af hreppsnefndinni til fjögurra ára í senn. Annast hún öll framkvæmdastörf, endurbætur, viðhald og umsjón með eignum vatnsveitunnar í samráði við hreppsnefnd.

### 3. gr.

Hver sá, er vill komast í samband við vatnsveitu hreppsins, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um.

Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota

### 4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsleiðslur liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húeigandi tafarlaust bæta úr því, ella lætur umsjónarmaður gera það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt eða tengigjald á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, er vatnsæðum er lokað af þessum sökum.